

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Miðvikudagur 5. Júní – Átthagastofa Snæfellsbæjar

Fundur settur 15:00

Fundinn sitja: Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Kristín Arnfjörð, Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Jóhannes Stefánsson, Guðmundur Jensson, Heimir Berg.

Sérstakur gestur: Alfons Finnson.

Dagskrá fundar

1. Útiljósmyndasýning í sumar

- Alfons Finnsson kom á fundinn með tillögur að myndum fyrir sýninguna.
- Stefnt er að sýningin verði komin upp fyrir Ólafsvíkuvöku.

2. Leikfélagið Lauga sækir um styrk- uppsetning á sýningu í haust.

- Guðmundur kynnti áætlanir leikfélagsins í haust. Leikfélagið mun setja um gamanleik upp í Röstinni og stefnir á frumsýningu 31. október. Leikfélagið sækir um styrk til menningarnefndar fyrir starfi félagsins. Nefndin samþykkti að veita leikfélaginu styrk líkt og áður.

3. Ljósmyndasamkeppni

- Ljósmyndasamkeppni í sumar – þemað er mannlíf í Snæfellsbæ.
- Auglýsa á miðlum bæjarins og í Jökli
- Hægt að senda inn myndir til 15. ágúst.

4. Menningarstefna

- Ingunn hafði samband við Sigurstein menningarfulltrúa SSV sem er tilbúin að leiðbeina í þeirri vinnu sem felst í að móta stefnu menningarmála bæjarins.
- Menningarnefndin óskar eftir því að fulltrúi frá bæjarstjórn taki þátt í mótun á menningarstefnu bæjarins. Mikilvægt er að taka betur utan um þennan málaflokk og marka stefnu bæjarins í menningarmálum.
- Í viðhengi fundargerðar eru drög að stefnu sem menningarnefnd vann út frá menningarstefnu SSV 2021- 2024.

5. Önnur Mál

- Barnamenningarhátíð - Heimir kynnti hátíðina sem verður í haust á öllu Vesturlandi. Menningarnefnd mun taka þátt í skipulagi.

Næsti fundir 12. júní 13:30.

Fundi slitið 16:00